



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 2. október 2023

Ný reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 11. september sl. samþykkti stjórn KSÍ að fela laga- og leikreglanefnd að setja upp nýja reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu í samræmi við reglugerð FIFA um umboðsmenn ([FIFA Football Agent Regulations](#)). Vinna laga- og leikreglanefndar tók mið af sérstakri [fyrirmynd fyrir aðildarsambönd](#), sem gefin var út af hálfu FIFA vegna innleiðingar á nýrri reglugerð. Tillaga að nýrri reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu var endanlega samþykkt af stjórn KSÍ með rafrænum hætti í dag 2. október.

Í reglugerðinni hafa fjölmargar nýjungar verið innleiddar ásamt því að fáeinar eldri reglur hafa verið endurvaktar. Sérstakt FIFA umboðsmannapróf hefur verið tekið upp að nýju og skulu umboðsmenn í knattspyrnu hafa staðist slíkt próf til að geta öðlast réttindi til að starfa sem umboðsmaður. Í nýrri reglugerð eru m.a. innleiddar reglur um hámarksþóknun til umboðsmanns vegna viðskipta. Hámark þóknunar fer eftir því hvers konar umbjóðanda/umbjóðendur um ræðir hverju sinni og hverjar heildartekjur leikmanns eða þjálfara eru á einu ári. Þá hafa verið innleiddar reglur um fyrirvar ólögráða ungmenna ásamt reglum um starfsskilyrði og starfsþróun umboðsmanna í knattspyrnu. Um ræðir skylduákvæði sem aðildarsamböndum FIFA ber að innleiða í eigin reglugerð.

Ljóst er [lögbann](#) hefur verið lagt á innleiðingu tiltekinna ákvæða í reglugerð um umboðsmenn í Þýskalandi. Hvort það kunni að leiða til þess að skylduákvæði í FIFA reglugerð um umboðsmenn muni taka breytingum eða ekki verður að koma ljós. Ef skylduákvæði úr reglugerð FIFA fyrir aðildarsambönd taka breytingum er ljóst að reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu mun taka breytingum sömuleiðis. Á meðan lögbanni stendur hefur FIFA leiðbeint aðildarsamböndum að gera viðeigandi undanþágur frá reglugerðinni vegna viðskipta sem hafa tengsl við Þýskaland.

Meðfylgjandi bréfi þessu er ný reglugerð í heild sinni. Aðildarfélög KSÍ og aðrir hagsmunaaðilar eru hvött til að kynna sér efni reglugerðarinnar gaumgæfilega.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ